

Ár 2011, fimmtudaginn 4. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.
Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Formaður bar uppeftirfarandi dagskrárbreytingatillögu:

Við bætist eftirfarandi liður:

3.3 Samningur um almenningssamgöngur milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins dags. 26. júlí 2011.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 19. júlí 2011.

Í bréfinu er gerð grein fyrir drætti sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar vegna álagningar B-gatnagerðargjalda á Kletthlíð 12.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. júlí 2011.

Í bréfinu er gerð grein fyrir verðhugmyndum Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Hveragerðisbæjar en þar kemur fram að söluverð yrði aldrei undir 1,2 – 1,4 milljörðum.

Einnig kemur fram að Orkuveitan er ekki tilbúin til að leggja í kostnað við ítarlegra mat á veitunni fyrir en vilji og ásetningur Hveragerðisbæjar til að leysa hana til sín liggur fyrir.

Meirihluti bæjarráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

Því miður sér meirihluti bæjarráðs enga möguleika á því að bæjarfélagið leysi til sín Hitaveitu Hveragerðisbæjar á grundvelli ákvæða í sölusamningi. Þrátt fyrir að kaupverð hafi eingöngu verið 260 mkr á sínum tíma eru hugmyndir Orkuveitu Reykjavíkur um kaupverð allt aðrar og hærrínú enda hefur Orkuveitan ráðist hér í framkvæmdir sem bæjarfélagið hafði áætlað að gera með öðrum og ódýrari hætti og reiknast þær til hækkunar kaupverðsins. Með sölunni öðlaðist Orkuveita Reykjavíkur allar orkulindir innan bæjarmarka og einkarétt á sölu og dreifingu á heitu vatni í Hveragerði. Því miður var söluverðið og samningar með þeim hætti að Hvergerðingar standa höllum fæti eftir.

Þær verðhugmyndir sem Orkuveitan hefur hér lagt fram og byggja á ákvæðum sölusamnings gefa engan veginn rétta mynd af raunvirði veitunnar og gera bæjarfélaginu í raun ókleyft að leysa Hitaveitu Hveragerðis til sín.

Fundarhlé var gert kl. 8:10

Fundur hófst aftur kl. 8:15

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun:

Undirritaður getur ekki tekið undir bókun meirihlutans um að samningurinn um sölu hitaveitunnar hafi verið óhagstæður fyrir Hveragerðisbæ. Ljóst er að Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt í gríðarlegan kostnað við endurnýjun veitunnar sem eðlilega endurspeglast í áætluðu endurkaupsverði.

Róbert Hlöðversson

1.3. **Þjóðskrá Íslands frá 28. júlí 2011**

Í bréfinu sem er svar við fyrirspurn bæjarráðs frá fundi dags. 21. júlí 2011 er gerð grein fyrir breytingu á fasteignamati í Hveragerði fyrir árið 2012.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Ungmennafélagi Íslands frá 27. júlí 2011**

Í bréfinu er óskað eftir áhugasömu sveitarfélagi til að taka að sér undirbúning og framkvæmd 2. Landsmóts UMFÍ 50+.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Diðriki Sæmundssyni og Ingileifi S. Kristjánsdóttur frá 27. júlí 2011.**

Í bréfinu gera bréfritarar grein fyrir samskiptum sínum við bæjaryfirvöld vegna ákvarðana bæjarins er varða ósk þeirra um byggingu hesthúss að Friðarstöðum og setja fram kröfur vegna afgreiðslu bæjarins á málinu. Ennfremur eru þar rædd ýmis önnur ágreiningsefni við bæinn og samskipti rakin milli aðila.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð afgreiddi á fundi sínum þann 21. júlí sl. úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Þar var samþykkt tillaga skipulags- ogbyggingafulltrúa um að án tafar hefjist vinna við endurskoðundeiliskipulags Friðarstaða í samráði við ábúendur. Bæjarráð ítrekar þessa afgreiðslu sína og felur skipulags- og bygginganefnd frekari umfjöllun málsins.

Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra að leita álits lögmanna Sambands

íslenskra sveitarfélaga á ummælum bréfitara í garð skipulags- og byggingafulltrúa.

Hvað varðar kröfur sem settar eru fram um bætur þá álytur bæjarráð það vera bréfitara að meta það tjón sem viðkomandi hefur orðið fyrir og setja fram rökstudda kröfugerð á hendur bænum sem þá yrði tekin til efnislegrar afgreiðslu.

1.6. Magnúsi Jónatanssyni frá 27. júlí 2011.

Í bréfinu er farið fram á niðurfellingu dagsekta sem lagðar voru á Kambaland vegna ófullnægjandi frágangs á svæðinu. Í bréfinu kemur fram að framkvæmdir eru hafnar og að þeim muni ljúka á næstunni.

Bæjarráð samþykkir að gefa frest til að ljúka umræddum framkvæmdum til 1. september nk. Dagsektir verði þá felldar niður sé framkvæmdum lokið með fullnægjandi hætti að mati skipulags- og byggingafulltrúa. Að öðrum kosti verða dagsektir innheimtar að fullu.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Lánssamningur við Lánasjóð íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 42.500.000 kr. til 23 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna lán á gjalddaga hjá lánasjóðnum á árinu 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hveragerðisbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna frumvarps um greiðsluáðlögun frá 2. ágúst 2011.

Bæjarráð samþykkir þá efnislegu meðferð frumvarpsins sem gerð er tillaga um í minnisblaðinu og einnig tillögurnar um meðferð tilsvareandi erinda sem síðar kunna að berast.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Drög að kærú vegna útgáfu rannsóknarleyfis í og við Grændal í Ölfusi.

Lögð fram drög að kærú vegna útgáfu rannsóknarleyfis í og við Grændal í Ölfusi.

Bæjarráð samþykkir að kærán með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum verði send iðnaðarráðherra.

3.2. Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar frá 18. júlí 2011.

Óskað er umsagnar vegna reksturs gististaðar í flokki 1 að Breiðumörk 13, Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir umsóknina enda fellur þessi starfsemi að gildandi skipulagi. Umsögn um opnunartíma á ekki við í þessu tilfelli og því tekur bæjarráð ekki afstöðu til hans.

3.3. Samningur um almenningssamgöngur milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins dags. 26. júlí 2011.

Lagður fram samningur um almenningssamgöngur milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins frá 26. júlí 2011 ásamt bréfi frá framkvæmdastjóra SASS frá 3. ágúst 2011.

Bæjarráð samþykkir samninginn enda er hann til mikilla hagsbóta fyrir íbúa Hveragerðis semog Suðurlands alls.

4. Verkfundagerðir:

- 4.1. Heiðmörk – Gatnagerð frá 28. júlí 2011.
Fundargerðin samþykkt.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:40

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)